

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1468/94

frá 20. júní 1994

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽⁴⁾ hefur framkvæmdastjórnin fengið sérstakt umboð til að endurskoða ýmis ákvæði þeirrar reglugerðar fyrir 1. júlí 1994 og til að koma með viðeigandi tillögum um endurskoðun hennar.

Ákvæði 5. mgr. 5. gr. varðandi merkingu landbúnaðarafurða og matvæla með innihaldsefni úr landbúnaði sem er framleitt af framleiðendum sem eru að hverfa frá hefðbundnum búskaparháttum til lífrænna búskaparháttanna falla úr gildi 1. júlí 1994.

Það hefur komið í ljós að framangreind tillaga þarfnast frekari

skoðunar í heild sinni. Af þeim sökum er rétt að framlengja aðlögunartímann sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr. til að koma í veg fyrir að núverandi kerfi raskist.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í 5. mgr. 5. gr. í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 komi dagsetningin 1. júlí 1995 í stað 1. júlí 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Hún kemur til framkvæmda 1. júlí 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 20. júní 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

G. MORAITIS

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 159, 28. 6. 1994, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/95 frá 24. febrúar 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 326, 3. 12. 1993, bls. 8.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 128, 9. 5. 1994.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 148, 30. 5. 1994, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 468/94 (OJ nr. L 59, 3. 3. 1994, bls. 1).